

REGLUGERÐ

um tilbúning áfengs öls.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, og til útflutnings.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annarra en umboðsmanna hins erlenda varnarliðs hér á landi eða til útflutnings undir eftirliti tollýfirvalda og undir innsigli, eftir því sem þau mæla fyrir.

3. gr.

Um framleiðslugjald fer eftir reglum, sem settar eru samkvæmt lögum um vörugjald.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manninn hvor til þess að hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. málsg. 7. gr. áfengislaga nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 127 18. október 1954.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 20. janúar 1972, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Fyrsta setning 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:
Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður reglugerð nr. 297 11. júní 1975.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.